# Dagskrárskjöl bygginarnefndar 1908-1913

Aðfnr. 1326 b, örk 40

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

**David Östlund.**
Redaktør.
Telefon-no. 27. – Telegraf-adresse Östlund.
P. O. Box 33 B.

Reykjavík 11. Febr. 1910

Ans. 12/2 '10
Ny. 2

Hér með leyfi eg mér fyrir hönd s.d. adventistafélagsins að beiðast þess, að hin háttvirta byggingarnefnd leyfi félaginu að endurbyggja samkomuhúsið Betel samkvæmt hjálögðum uppdrætti. Stærð hússins (gólf) er hin sama og áður en auk brandgafls að norðanverðu verður brandveggur að vestanverðu.

Svar óskast hið bráðasta

Virðingarfylst
Fyrir hönd félags s.d. adventista
David Östlund
forstöðumaður.

Til
Byggingarnefndar
Reykjavíkurkaupst.

B. Rvk. 105/1910 B+2

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

David Östlund.
Redaktør.
Telefon-no. 27. – Telegraf-adresse Östlund.
P. O. Box 33 B.

Reykjavík 11. febr. 1910.

Hér með leyfi eg mér að biðja hina háttvirtu byggingarnefnd Reykjavíkur að veita mér leyfi til að gjöra þar breytingar á hinu svo nefnda Pakkhúsi í Kolasundi (er fylgir eign minni Austurstræti 17) sem nefndar eru hér og sýndar í meðfylgjandi teikningum:

1) að setja 3 glugga í stað eins í það herbergi sem eg ætla að hafa prentvélarnar í (8 fet undir loftið).
2) að setja 3 glugga í stað eins uppi í loftgafl að Kolasundi og þilja þar af setjara-verkstofu 8 x 10 ál. að stærð og 8 fet undir loftið
3) að setja reykháfa og 2 ofna (einn ofn uppi, og 1 niðri).

Virðingarfyllst
David Östlund

Til
Byggingarnefndar
Reykjavíkur.

B. Rvk. 10/4/1910 Bf. 2

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ég leyfi mér hérmeð að fara þess á leit við hina háttvirtu byggingarnefnd Reykjavíkur að ég fái — svo framarlega sem ég kaupi húseign Jóh. Nordals, við Bankastræti 12 — að gjöra þær breytingar á nefndri húseign, er meðfylgjandi teikningar sýna. Einnig óska ég að fá að setja undir húsið tréglugga, þar sem nú er steinveggur, á horninu að Ingólfsstr. og Bankastræti; þó þannig, að helmingur grunnur upp frá jarðflöt sé úr steini. Sömuleiðis vildi ég mælast til, að fá að taka burt frá upphækkuðu gangstétt, er liggur með húsinu fram með Bankastr., og hinar háu steintröppur uppí húsið frá sömu götu. Einnig að fá að járnverja alt húsið. – Vil ég lofa að gjöra endurbæturnar á húsinu, eftir því sem hin háttv. byggingarnefnd ákveður. –

Reykjavík 11. febrúar 1910

Magnús Þorsteinsson

Laugaveg 24 –

Til byggingarnefndar Reykjavíkur

B. Rek. 1910 B.Z.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Eptirrit

af fundi byggingarnefndarinnar 12. febr. 1910

1. Davíð Östlund f.h. sjöunda dags advent-
istum leyft að reisa samkomuhús „Betel"
25½ al. langt og 11 al. breitt, en hæð 9½ al.
eldvarnarveggur á aðra hlið og gafl, að
öðru leyti úr timbri. Húsið stendur á
sama grunni og hið fyrra, sem brann
23. jan. Byggingarnefnd athugar, að
allar dyr milli samkomusals og götu
skulu vera að minnsta kosti 2 al. víðar
og falli hurðir allar út.

2. Byggingarnefnd kærir D. Östlund fyrir
ólöglega sundurskiptingu lóðar, þegar
hann seldi húseignina Þingholtsstr. 23
þannig, að íbúðarhúsið og part af lóð-
inni seldi hann Sigurði Benedikt-
syni, en sjöunda dags adventistum
samkomuhúsið „Betel" og með því
nokkurn hluta lóðarinnar og varð
þá of skammt bil milli húsanna
sem aðgreindra eigna.

3. D. Östlund leyft að gera þær breytingar
á hinu svonefnda pakkhúsi í Kola-
sundi, er fylgir eign hans Austurstr. 17.
1º að setja 3 glugga í stað eins á suðurhlið
hússins miðju og eigi þar að vera
prentvjelar fyrir innan (8 undir lopt.);
2º að setja 3 glugga í stað eins á gafl
hússins uppi út að Kolasundi.
3º að þilja þar inn frá gaflinum setjara-
stofu 8º x 10º og 8º lopthæð. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

4° að selja upp reykháf og einn ofn niðri en annan uppi.–

4. Magnúsi kaupm. Þorsteinssyni, Laugav. 24, leyft að gjöra ýmsar breytingar á húsinu Bankastr. 12, aðallega að sneiða hornhússins að Bankastr. & Ingólfsstr. og að hleypa neðra gólfi niður undir götu í norðvesturhorni hússins.– En þeim skilyrðum er leyfið bundið, að gerður verði nýr grunnur undir götuhlið að húsinu jafnhár þeim grunni sem er, og fullnægi húsið að öðru leyti kröfum þeim, er byggingarsamþ. setur. Ennfremur er honum leyft að gera skúr fyrir inngöngu og stiga 4°x3°+2°x6° að stærð; skúrinn er á bakhlið hússins.–

5. Að svo en byggingarnefnd getur mælt með breytingu 1200 ferálna af Melstöðum í byggingarlóð (handa Kárasi H. Bjarnasyni, verður hún að krefjast þess, að fram verði lagður skýr og rjettur uppdráttur með mælikvarða er sýni skiptingu túnsháðarinnar í lóðir, og að norður- og austurtakmörk lóðar þeirrar er hjer um ræðir verði hornrjett við götujaðra Tjarnargötu- og Skothússtígs.–

6. Undirnefnd sú, er kosin var til að athuga erindi Ólafs Jónssonar um lóð þá er um getur í fundargerðum 15. júní 1907, 7. atr. og 12. des. 1908, 2 atr., leggur til, að annaðhvort eigi Ólafur kost á, að fá aukna lóðina um 64 ferálnir, svo að hún verði 480 ferálnir eins og hann galt fyrir, eða að hann fái greitt andvirði þessara 64 álna, er á lóðarstærðina (480 □° vantaði, með kr. 1.60, fyrir hverja feralin (ɔ: sama verð, sem Ólafur gaf Jónasi Þorsteinssyni fyrir lóðina).–

Fleiri mál ekki til meðferðar.

Allir á fundi

Fundi slitið

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur